



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 17. febrúar 2022

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn, 88. mál.**

Umrætt frumvarp var áður flutt á 148. og 149. löggjafarþingi (9. mál) og kemur fram í greinargerð að málið sé nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra umsagna sem allsherjar- og menntamálanefnd aflaði. Umboðsmaður barna bendir á, að í umræddu frumvarpi er að engu leyti tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í umsögn umboðsmanns barna og annarra aðila sem á það bentu, að í umræddu frumvarpi væri skautað framhjá veigamiklum atriðum sem varða börn, réttindi þeirra og hagsmuni. Á það skal bent að samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er hlutverk umboðsmanns barna að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra, m.a. samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í starfi sínu vinnur umboðsmaður að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Í umsögn umboðsmanns barna um frumvarpið sem flutt var á 148. og 149. löggjafarþingi (9. mál) kom eftirfarandi fram en umrædd sjónarmið eiga fullum fetum við um það frumvarp sem nú er til umsagnar:

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að foreldrum eigi almennt að treysta til að velja börnum sínum nöfn sem eru þeim ekki til ama. Telja frumvarpshöfundar að komi upp slík tilfelli hafi þeir aðilar sem eiga að tryggja börnum vernd nægar heimildir í lögum til að grípa til viðeigandi ráðstafana og aðstoða foreldra í foreldrahlutverki þeirra. Því til stuðnings er vísað til þess að úrskurðir mannanafnanefndar um slík álitafni séu örfáir. Gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því að neinum opinberum aðila verði falið það vald að neita foreldrum um skráningu nafns og þá er ekki gert ráð fyrir því að hægt verði að knýja fram breytingar á nafni barns.

Umboðsmaður barna tekur undir þau sjónarmið að flestir foreldrar séu færir um að gæta hagsmuna barna sinna og velja nafn barna sinna af alúð. Þó ber að áréttta að jafnvel þó svo að

um örfá tilvik sé að ræða eru það eftir sem áður mikilvægir hagsmunir barna sem um ræðir. Það að bera nafn sem er barni til ama getur haft í för með sér mikla vanlíðan og neikvæð áhrif á sjálfsmynd þess.

Umboðsmaður vill benda á sænska löggjöf á þessu sviði, en samkvæmt 28§ sænsku laganna um mannanöfn, nr. 2016:1013, þurfa foreldrar að sækja um skráningu á eiginnafni barns hjá Skatteverket. Þá hefur Skatteverket jafnframt heimild til að synja skráningu nafns ef það er talið líklegt til að vekja hneykslan, valda barni sem það á að bera óþægindum, eða er af annarri ástæðu óheppilegt sem eiginnafn. Það er mat umboðsmanns barna að í löggjöf um mannanöfn þurfi að slá ákveðinn varnagla, samkvæmt sænskri fyrirmynd, við því að barn þurfi að bera nafn, til lengri eða skemmri tíma, sem er til þess fallið að valda því óþægindum og vanlíðan. Þá vill umboðsmaður barna áréttta að á löggjafanum hvílir sú skylda að tryggja börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst eins og kveðið er á um í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944 og 3. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna